

Skólareglur

Í Fellaskóla er lögð áhersla á jákvæðan aga og að allir séu á heimavelli.

Skólareglur Fellaskóla eru settar í samræmi við 30. grein laga um grunnskóla 91/2008 og reglugerð nr. 1040/2011 um skólareglur í grunnskólum.

Brjóti nemandi skólareglur fylgja því viðbrögð sem sjá má hér að neðan.

Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að kynna sér reglurnar og viðbrögð við þeim með börnum sínum.

Samskipti

Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur.

Í því felst að:

- Við erum góðar fyrirmyndir og sýnum hvort öðru virðingu og tillitsemi.
- Við sýnum góðvild, erum kurteis og förum eftir fyrirmælum starfsmanna.
- Við hjálpumst að við að hafa vinnufrið.
- Við virðum skóla- og bekkjarsáttmála.
- Við beitum hvorki andlegu né líkamlegu ofbeldi.

Umgengni

Við göngum vel um skólann okkar og skólalóðina.

Í því felst að:

- Við látum eiga skólans og eiga annarra í friði.
- Við göngum frá eftir okkur, hendum rusli í ruslafötur og hjálpumst að við að halda skólanum snyrtilegum.
- Við förum úr útiskóm í anddyri og röðum í skóhillur.
- Við göngum hljóðlega á milli staða og forðumst óþarfa ráp.
- Við höldum okkur innan skólalóðar á skólatíma nema um annað sé samið.
- Við notum ekki hjól, bretti, hlaupahjól eða vélhjól (vespur) á skólatíma og á skólalóð.

Námsgögn

Námsgögn eru mikilvæg og eiga alltaf að vera til staðar

Í því felst að:

- Við mætum með skólatöskur og viðeigandi námsgögn í kennslustund.
- Við mætum með viðeigandi sundföt og handklæði í sund.
- Við mætum með íþróttaföt í íþróttir.
- Við göngum vel um námsgögnin okkar, skólans og annarra.
- Við göngum frá eftir okkur.

Snjalltækjanotkun

Við látum ekki snjalltæki trufla okkur í námi en nýtum kosti þeirra. Fellaskóli er símalaus Skóli.

Í því felst að:

- Fellaskóli er símalaus skóli. Snjallúr er líka sími. Nemendur mega ekki nota síma / snjallúr á skólatíma, hvorki á skólalóð né í skólahúsnæði.
- Nemendur yngra stigs geyma síma hjá kennurum.
- Allir nemendur eldra stigs hafa aðgang að skápum þar sem þeir geta geymt verðmæti.
- Við tökum hvorki myndir né myndskleið af starfsfólki og nemendum án leyfis.
- Við dreifum ekki myndum og myndskleiðum af starfsfólki og nemendum án leyfis.

Heilbrigðar lífsvenjur

Við hugsum vel um okkur sjálf

Í því felst að:

- Við notum ekki tóbak, rafrettur, áfengi, púða og önnur vímuefni.
- Við komum með hollt nesti í skólann.
- Við mætum vel úthvöld í skólann.
- Við komum ekki með orkudrykki, gosdrykki, snakk eða sælgæti í skólann nema um annað sé samið.

Skóla- og bekkjarsáttmáli

Allir skipta máli og eru mikilvægir

Í því felst að:

- Við gerum sameiginlegan skólasáttmála, út frá skólareglum, í upphafi skólaárs.
- Við gerum bekkjarsáttmála með okkar bekk í upphafi skólaárs.

Skólareglur gilda á öllum viðburðum á vegum skólans.

Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum sínum, skólans, starfsfólks eða skólafélaga.

Reykjavíkurborg tekur ekki ábyrgð á eignum nemenda.

Sértæk úrræði

Ástundun náms og skólasókn

Nemendur skulu mæta stundvíslega. Fjarvistir vegna veikinda skulu tilkynntar skólanum samdægurs í s. 411-7530. Ef forföll eru ekki tilkynnt samdægurs af forráðamanni nemanda er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða. Umsjónarkennari getur veitt nemanda leyfi í 2 daga en lengri leyfi þarf að sækja um til skólastjórnenda á þar til gerðum eyðublöðum. Farið er eftir ferli skólasóknarkerfi Breiðholts vegna mætinga nemenda, sjá hér: <http://fellaskoli.is/skolasokn/>.

Einelti

Í Fellaskóla er einelti ekki liðið. Vakni grunur um einelti er tilkynningareyðublað um einelti hér: <http://fellaskoli.is/tilkynna-einelti/> Foreldri, fyrir hönd barns síns eða starfsfólk sem fær vitneskju um eineltishegðun, getur fyllt út eyðublaðið. Það skal berast skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra.

Nánari upplýsingar um úrvinnslu eineltismála má finna í eineltisáætlun skólans hér: <http://fellaskoli.is/eineltisaaetlun/>.

Þjónusta við nemendur með fjölþættan vanda

Í skólanum er unnið samkvæmt Verklagsreglum skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um þjónustu við grunnskólanemendur með fjölþættan vanda. Þessar verklagsreglur taka við ef skólareglur duga ekki til eða ákvæði þeirra eru fullreynd. Verklagsreglunum er ætlað að skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.

Reglurnar má finna hér: http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/verklagsreglur_2012_breytingar_2015.pdf.

Viðbrögð við hegðun

ÞREP 1

Þrep 1 er skilgreint sem minniháttar brot á skólareglum Fellaskóla.

Dæmi um hegðun á þrepi 1

Þegar nemandi:

- Fer ekki eftir fyrirmælum.
- Truflar kennslu, athafnir, leiki og vinnu annarra.
- Er með dónaskap og ljótt orðbragð.
- Gengur illa um.
- Er á skóm inni.
- Rápar og er með óþarfa hávaða í sameiginlegu rými skólans.
- Mætir án námsgagna.
- Notar síma eða snjallúr án leyfis.
- Kemur með orkudrykk, gosdrykk, snakk eða sælgæti í skólann.

Viðbrögð við hegðun á þrepi 1

Þeir sem eru að vinna með barninu á þeim tíma sem hegðunin á sér stað taka á málinu.

Ástæðulaust er að vísa málinu til skólastjóra eða annarra.

- Starfsmaður ræðir við nemanda / skráir í Mentor.
- Málið rætt á bekkjarfundi ef við á.
- Allt sem rætt er á að vera lausnamiðað.
- Nemandi læsir síma inni í skáp.

Allar lausnir sem fundnar eru eiga að vera sanngjarnar, virðingarverðar og rökréttar miðað við hegðunina. Allir hlutaðeigandi samþykkja að vinna að lausninni.

Dæmi um viðeigandi lausnir:

Samkomulag um breytta hegðun, félagastuðningur, hlutverkaleikur, samningur, farið yfir skólasáttmálann/bekkjarsáttmálann, V-A-L (bls. 83 í handbók um Jákvæðan aga) eða tímabundinn missir.

ÞREP 2

ÞREP 2 er skilgreint sem brot á samkomulagi á lausnum vegna hegðunar á þrepi 1.

Dæmi um hegðun á þrepi 2

Þegar nemandi:

- Neitar að fara eftir fyrirmælum.
- Truflar ítrekað kennslu, athafnir, leiki og vinnu annarra.
- Er með særandi og niðrandi orðbragð eða hæðni.
- Er ítrekað á skóm inni.
- Truflar mikið í sameiginlegum rýmum skólans.
- Mætir ítrekað án námsgagna.
- Notar endurtekið síma eða snjallúr án leyfis.
- Kemur endurtekið með orkudrykk, gosdrykk, snakk eða sælgæti í skólann.

Viðbrögð við hegðun á þrepi 2

- Starfsmaður ræðir við nemanda.
- Nemandi skilar snjalltæki á skrifstofu skólans og foreldrar sækja.
- Haft er samband við foreldra símleiðis eða í gegnum tölvupóst/Mentor.
- Málið rætt á bekkjarfundi ef við á.
- Allt sem rætt er á að vera lausnamiðað.

Kennarinn sem er að vinna með barninu á þeim tíma hefur samband við foreldra og skráir atvikið í Mentor. Ef þurfa þykir boðar kennarinn foreldra og nemanda á fund. Mikilvægt er að umsjónarkennari sé upplýstur um málið.

Í þeim tilfellum sem beita þarf því úrræði að vísa nemanda úr kennslustund þá er hann sendur á svæði skrifstofu til að jafna sig (í 5 mínútur eða lengur). Skrifstofa er látin vita af komu nemanda.

Dæmi um hegðun:

- Neitar að fara eftir fyrirmælum.
- Truflar ítrekað kennslu, athafnir, leiki og vinnu annarra.
- Er með særandi og niðrandi orðbragð eða hæðni.

Allar lausnir sem fundnar eru eiga að vera sanngjarnar, virðingarverðar og rökréttar miðað við hegðunina. Allir hlutaðeigandi samþykkja að vinna að lausninni.

Dæmi um viðeigandi lausnir:

Rætt við nemanda og foreldra, ráðgjöf frá náms- og starfsráðgjafa, stoðþjónusta og/eða skólaþjónusta, teymi um nemandann og að nemandi læri sjálfstjórn og félagsfærni.

Mikilvægt er að stjórnendur, foreldrar og náms- og starfsráðgjafi fái vitneskju um þær lausnir sem unnið er að og veiti eftirfylgni.

PREP 3

Prep 3 er skilgreint sem alvarlegt brot á skólareglum Fellaskóla.

Dæmi um hegðun á prepi 3

Þegar nemandi:

- Beitir andlegu eða líkamlegu ofbeldi, svo sem einelti.
- Fremur skemmdarverk á eigum skólans eða annarra.
- Notar tóbak, rafrettur og önnur vímuefni á skólatíma og skólalóð.
- Tekur myndir eða myndskreið af starfsfólki og nemendum án leyfis.
- Dreifir myndum eða myndskreiðum af starfsfólki og nemendum án leyfis.
- Kemur með hættulega hluti í skólann (s.s vímuefni, rafrettur, vopn, kveikjara og eldspýtur).
- Strýkur úr skóla á skólatíma.
- Brýtur símareglur ítrekað.
- Verður uppvís að þjófnaði.

Viðbrögð við hegðun á prepi 3

Nemanda er án tafar vísað til skólastjórnenda. Stjórnendur fá nákvæmar upplýsingar um hvað gerðist frá hlutaðeigandi aðilum.

Hringt er í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir um málið og hver næstu skref verða. Foreldrar/forráðamenn boðaðir á fund og brot skráð í Mentor. Umsjónarkennari upplýstur um málið og boðaður á fundinn ef við á.

Allar lausnir sem fundnar eru eiga að vera sanngjarnar, virðingarverðar og rökréttar miðað við hegðunina. Allir hlutaðeigandi samþykkja að vinna að lausninni.

Dæmi um viðeigandi lausnir:

Missir hlunninda, vísun heim í samráði við foreldra, ráðgjöf, tímabundin brottvísun úr tíma/skóla, sími skilinn eftir heima / málinu vísað til nemendaverndarráðs, skólaþjónustu og/eða barnaverndar.